

A close-up photograph of several autumn leaves in shades of red, orange, and yellow, resting on a weathered wooden surface. The leaves are arranged in a cluster on the left side of the frame. The wood has a prominent grain and some dark spots, possibly from knots or decay. The lighting is soft, highlighting the textures of both the leaves and the wood.

11

KAFLI

**MAT Á ÞROSKA
EINSTAKLINGSINS**

EFNISYFIRLIT

NÝLIÐATÍMABILIÐ

- Unglingar ganga í sveitina á ólíkum forsendum
- Þegar nýliði kemur einn er ábyrgðin á nýliðatímabilinu hjá flokknum og umsjónarforingjanum
 - » Hvað gerist á þessu tímabili frá sjónarhóli nýliðans?
 - » Hvað er frá sjónarhóli flokksins?
 - » Hvað gerist frá sjónarhóli sveitarforingjans sem fylgist með nýliðanum og framförum skátanna í flokknum?
- Unglingar sem koma úr fálkaskátasveitum ganga einnig í gegnum nýliðatímabil
- Flokkurinn kynnir áfangamarkmiðin fyrir nýliðanum
- Ákvarðanir um markmið eru teknar í samvinnu unglings og umsjónarforingja
- Mismunandi aðferðum er beitt við nýliðaferlið þegar nýr flokkur gengur í sveitina
- Þegar nýr flokkur gengur í sveitina ber umsjónarforinginn ábyrgð á að kynna áfangamarkmiðin
- Með samkomulagi um áfangamarkmið lýkur nýliðatímabilinu



MAT Á FRAMFÖRUM SKÁTANS

- Mat á þroskaferli skátans er viðvarandi verkefni
- Vettvangsathuganir og viðtöl krefjast tíma, þolinmæði og einbeitni
- Æskilegt er að umsjónarforingi fylgist í mesta lagi með átta til tíu skátum í minnst eitt ár
- Mat foringjanna leiðir hugann að öðrum sem koma að uppeldi skátanna
- Sjálfsmat unglingsins er mikilvægast
- Flokksfélagarnir leggja einnig sitt af mörkum þegar unglingsur leggur mat á eigin árangur

NIÐURSTÖÐUR MATS Á FRAMFÖRUM SKÁTANS

- Sveitarráðið ákvarðar hvaða viðmið eru gild við mat á framförum skátans í hverjum dagskrárhring
- Á flokksþingi er sjálfsmat hvers skáta borið saman við skoðanir félaganna í flokknum
- Matinu lýkur með samkomulagi á milli skátans og umsjónarforingjans

NÝLIÐATÍMABILIÐ

Við byrjum að meta stöðu nýliðans, vinna með hvatakerfið og áfangamarkmiðin þegar unglingurinn gengur í dróttskátasveitina.

Fyrsta skrefið á dróttskátaferlinum er *nýliðatímabilið* sem hefst þegar unglingurinn gengur í sveitina. Því lýkur þegar skátinn vígist og fær fyrsta dróttskátamerkið á klútinn sinn.

Jafnvel þótt nokkrir nýliðar gangi í sveitina á sama tíma þá ætti þetta tímabil að höfða til einstaklingsbundinnar reynslu sem hver og einn upplifir á sinn hátt.



Unglingar ganga í sveitina á ólíkum forsendum

Nýliði kemur ef til vill úr fálkaskátasveit skátafélagsins. Í því tilfalli þekkir hann félagið og kannast við marga af dróttskátunum sem fyrir eru í sveitinni.

- Hann eða hún er félagi í óformlegum hópi vina sem ákveða að verða skátar í framhaldi af kynningardagskrá sveitarinnar eða að eigin frumkvæði. Í þessu tilfalli erum við að hefja mótun nýs flokks sem hefur enga reynslu af skátastarfi.
- Hún eða hann er ef til vill vinur einhvers í skátaflokkum sveitarinnar eða hefur tengsl við einhverja í einum eða fleiri flokkum hennar og gengur í sveitina þess vegna. Þessi nýliði gengur í flokk og veit lítið um sveitarstarfið en á vin eða kunningja í sveitinni.
- Nýliði kemur ef til vill með foreldrum að tilhlutan kennara eða að eigin frumkvæði. Ástæðan getur verið gott orðspor skátafélagsins eða sveitarinnar eða að unglingurinn hefur séð hvað skátarnir gera og langar að taka þátt í því starfi. Hér er um svipaðar aðstæður að ræða nema hvað nýliðinn hefur ekki enn eignast vini í sveitinni eða flokkum hennar.

Hvaða leið sem nýliðarnir koma í skátasveitina taka þeir, á nákvæmlega sama hátt og þeir skátar sem fyrir voru, strax fullan þátt í öllu starfi hennar, bæði verkefnum og annarri dagskrá samkvæmt áætlun *dagskrárhingsins*. Hugmyndin er að nýliðinn fái á tilfinninguna að hann sé velkominn hluti af sveitinni eða flokknum eins fljótt og auðið er.

Eðli nýliðatímabilsins er mismunandi eftir því hvort viðkomandi gengur til liðs við sveitina sem einstaklingur eða sem hluti af hópi sem myndar nýjan flokk.

Þegar nýliði kemur einn er ábyrgðin á nýliðatímabilinu hjá flokknum og umsjónarforingjanum

Jafnhliða þátttöku í verkefnum hefjast samræður á milli nýliðans, flokksins, sveitarinnar og umsjónarforingjans. Þessar samræður einkenna nýliðatímabilið en tengjast ekki vinnu að dróttskátamerkjunum. Nýliðatímabilið varir í einn til tvo mánuði og meginmarkmiðin eru:

- Að nýliðinn samlagist flokknum sínum.
- Að finna út hvaða áfangamarkmiðum nýliðinn hefur þegar náð og ákveða á hvaða stigi hann eða hún eigi að byrja. Þetta á við þar sem unglingar ganga ekki í skátana 13 ára heldur á aldrinum frá 13 til 15 ára.

Fyrstu verkefni eru:

- Að kynna unglingsinn í flokknum og kynna honum áfangamarkmiðin er á ábyrgð *flokksþingsins* með aðstoð umsjónarforingja.
- Að meta hvaða áfangamarkmiðum nýliðinn hefur hugsanlega þegar náð er á ábyrgð *umsjónarforingjans* í samráði við unglingsinn.
- Ákvörðun um það á hvaða dróttskátamerki unglingsurinn skuli hefja starfið er í höndum *sveitarþings* að tillögu umsjónarforingja og að höfðu samráði við unglingsinn sem í hlut á.

Hvað gerist á þessu tímabili frá sjónarhóli nýliðans?

- Unglingurinn vingast við skátana í flokknum, kynnist uppbyggingu hans, hlutverki og siðum, „finnur sig í hópnum“ og tengist öðrum. Þetta getur gengið hægar fyrir sig ef nýliðinn á ekki þegar vini í flokknum. Því verða foringjarnir að hjálpa honum að aðlagast.
- Hún eða hann byggir upp traust samband við umsjónarforingjann.
- Hún eða hann byrja að kynnast starfinu í sveitinni, uppbyggingu hennar, framtíðarsýn, nöfnum, táknum og hefðum.
- Unglingurinn kynnist hvatakerfinu, áfangamarkmiðunum, dróttskátamerkjunum og Dróttskátabókinni.



Hvað gerist frá sjónarhóli flokksins?

- Flokkurinn fær nýliðann til að taka þátt í verkefnum og hvetur hann til virkrar þátttöku í flokksþinginu.
- Flokkurinn lagar sig að þörfum nýliðans og treystir vináttuböndin við hann.
- Hann veitir nýliðanum grunnupplýsingar um starf flokksins, sveitina og skátafélagið.
- Flokkurinn kynnir nýliðanum hvatakerfið og áfangamarkmiðin og hjálpar honum að mynda sér skoðun á eigin stöðu með tilliti til þeirra.

Hvað gerist frá sjónarhóli sveitarfóringjans sem fylgist með nýliðanum og framförum skátanna í flokknum?

- Umsjónarforinginn myndar vináttutengsl við unglinginn og hefur frumkvæði að því að kynnast foreldrum hans.
- Umsjónarforinginn reynir að kynnast unglingnum og umhverfi hans eins og mögulegt er með því að fylgjast með hegðun hans og vera í reglulegum samskiptum við hann. Þetta ferli er sérstaklega mikilvægt þegar strákurinn eða stelpa eiga ekki vini meðal þeirra sem eru fyrir í flokknum eða sveitinni.
- Umsjónarforinginn aðstoðar flokksforingjann við að kynna nýliðann fyrir flokknum og kynna honum hvatakerfið og áfangamarkmiðin.
- Umsjónarforinginn myndar sér skoðun á stöðu unglingsins með tillit til væntanlegs vals á áfangamarkmiðum.

Unglingar sem koma úr fálkaskátasveitum ganga einnig í gegnum nýliðatímabil

Þegar nýliði kemur úr fálkaskátasveit er ferlið sem kynnt var hér að framan einfaldara þar sem nýliðinn þekkir sennilega marga skátana sem fyrir eru í sveitinni. Samt sem áður verður að huga vel að nýliðatímabilinu hjá öllum nýliðum. Munurinn er þó sá að nýliðarnir ættu að þekkja hvatakerfið og val áfangamarkmiða úr fálkaskátastarfinu.

Stundum verður ferlið flóknara vegna þessa. Til dæmis þegar nokkrir fálkaskátar vilja fara í tiltekinn skátaflokk vegna „orðspors hans“ innan sveitarinnar og félagsins eða kunningssskapar við skáta einhvers flokks sveitarinnar. Hið gagnstæða getur gerst þegar flokkur hefur getið sér orð fyrir „vandræðagang“ eða „leiðindi“ og virðist þess vegna ekki áhugaverður fyrir nýliðana.



Þegar stór hópur fálkaskáta gengur í sveitina á sama tíma er ekki gott að „raða“ nýliðunum jafnt eða tilviljunarkennt í flokka. Jafnvel þegar margir ganga í sveitina í einu verður að virða eðli flokkanna sem óformlegir hópar vina og forðast að brjóta upp eðlileg tengsl unglunga sem eru að ganga í sveitina eða trufla og skaða einingu flokkanna sem fyrir eru.



Ef margir fálkaskátar ganga í sveitina á sama tíma er eins víst að álíka margir flytjist upp í rekkaskátana. Þetta hefur áhrif á flokkana í báðar áttir og getur kallað á endurröðun í flokka. Ein leið til að koma í veg fyrir vandamál í tengslum við þetta er að aðskilja ferlið þegar tekið er inn í sveitina frá því ferli þegar aðrir kveðja hana. Þannig skapast tími til að aðlagast breytingum og hrista hópinn saman. Grundvallarreglan er sú að uppganga og innkoma ætti alltaf að vera í samráði við flokkana eða að frumkvæði þeirra. Unglingarnir finna alltaf bestu lausnina.

Flokkurinn kynnir áfangamarkmiðin fyrir nýliðanum

Að kynna og ræða áfangamarkmiðin og hvernig skátinn setur sér *áskoranir* er hlutverk flokksins með stuðningi *umsjónarforingja* ef þörf er á slíku. *Umsjónarforinginn* kemur ekki í stað flokksins í þessu hlutverki heldur aðstoðar hann eða hún flokksforingjann með stuðningi og útskýringum og kemur í veg fyrir misvægi í vali markmiða.

Með því að ganga í flokkinn verður nýliði hluti af lærdómssamfélagi. Nýliðar taka þátt í flokksþingum, sameiginlegu mati verkefna og skoða merki og stimpla í Dróttskátabókum annarra í flokknum. Nýliðar spyrja væntanlega um dróttskátamerkin á klútunum og hvernig þeir geti fengið þannig merki.

Það þarf ekki sérstaka umræðu eða flokks- og sveitarfundi til að kynna áfangamarkmiðin eða ræða þau. Skátarnir kynnast þeim fljótt í flokksstarfinu, með spurningum sínum, stuttum samtölum og einfaldlega með því að taka þátt í flokksstarfinu og fylgjast með.

Þetta er stutt hliðarferli við nýliðatímabilið sem leiðir sjálfkrafa til skilnings á hvatkerfinu og áfangamarkmiðunum.



Ákvarðanir um markmið eru teknar í samvinnu unglings og umsjónarforingja

Sá tími kemur að kalla þarf til sérstaks fundar eða viðtals til að ræða áfangamarkmiðin og þá verður að nást samkomulag á milli skátans og umsjónarforingjans.

Samkomulag verður að vera um tvö atriði:

- *Áskoranir vegna áfangamarkmiða sem skátinn velur sér og kynnt eru í Dróttskátabók hans.* Unglingarnir verða að finna samhljóm á milli áfangamarkmiðanna, áhugamála sinna, metnaðar, getu og færni. Þessi aðlögun lýtur að því að setja sér persónulegar áskoranir tengdar áfangamarkmiðunum í Dróttskátabókinni. Við það verða áfangamarkmiðin að *persónulegum markmiðum* unglingsins.
- *Samkomulag um á hvaða dróttskátarún unglingsurinn byrji,* veltur á fjölda áfangamarkmiða á hverju þroskasviði sem nýliðinn og *umsjónarforinginn* verða ásáttir um að hafi þegar verið náð. Nokkrar almennar leiðbeiningar eru gefnar í 9. kafla þar sem dróttskátamerkin voru kynnt. Með því að skiptast á skoðunum er þessu samkomulagi náð og ef ágreiningur rís er það foringjans að samþykkja sjálfsmat unglingsins.



Byggt á þeim áfangamarkmiðum sem unglingsurinn hefur þegar náð og einstaklingsþroska hans, leggur *umsjónarforinginn* fyrir *sveitarráðið* tillögu um á hvaða dróttskátarún skátinn eigi að byrja og viðkomandi merki er þá afhent.

Mismunandi aðferðum er beitt við nýliðaferlið þegar nýr flokkur gengur í sveitina

Í þessu tilfelli er nýliðatímabilið alfarið á ábyrgð *umsjónarforingjans* sem fylgist með og metur þroska unglingsanna.

- Þegar um er að ræða óformlegan hóp vina er vandinn ekki sá að aðlaga unglingsana að flokknum heldur að aðlaga hópinn sem flokk að starfi sveitarinnar.
- Nýliðatímabilið felur einnig í sér fræðslu til flokksins um hvernig hann verður að „skátaflokki“ – hlutverk, nafn, fundarstaður, flokksbók og önnur atriði sem einkenna skátaflokkka. Einnig er nauðsynlegt að nálgast af nærgætni ríkjandi hegðun og einkenni óformlega hópsins þar sem sumt samræmist kannski ekki sveitinni eða skátastarfi.
- Nýliðatímabilið felur einnig í sér að leiðbeina stig af stigi tengingu nýja flokksins við aðra flokka. Flokks- og aðstoðarflokksforingjar hinna flokkanna í sveitinni gegna lykilhlutverki í að mynda jákvætt og gott andrúmsloft við móttöku nýja flokksins.

- Smátt og smátt tekur flokksfóringinn við hlutverki *umsjónarfóringjans*, en nýi flokkurinn velur flokksfóringja í síðasta lagi við lok nýliðatímabilsins. Frá því að flokksfóringi og aðstoðarflokksfóringi eru valdir hefst tímabil þar sem þeir fá meiri innsýn í starf sveitarinnar en hinir skátarnir í flokknum vegna starfa sinna í sveitarráði sveitarinnar.

Þegar nýr flokkur gengur í sveitina ber umsjónarfóringinn ábyrgð á að kynna áfangamarkmiðin

Þegar flokkur kemur nýr í sveitina er hlutverk *umsjónarfóringjans* að meta hve mörgum áfangamarkmiðum hver unglingur hefur þegar náð. Munurinn er sá að þetta gerist ekki innan flokksins heldur í viðtölum hvers nýliða við *umsjónarfóringja* sinn.

Umsjónarfóringjanum er í sjálfsvald sett hvernig hann vinnur að kynningu áfangamarkmiðanna. Hann getur byggt á eigin reynslu en einnig sérkennum og viðbrögðum nýja flokksins í sveitinni. Fóringinn getur fengið stuðning frá sveitarráðinu eða leitað aðstoðar annarra sveitarfóringja, flokksfóringja og aðstoðarflokksfóringja í öðrum flokkum við sérstök viðfangsefni.



Nýliðarnir spyrja eflaust fjölda spurninga fyrstu vikurnar um hvatakerfið og áfangamarkmiðin, bæði á fundum og í verkefnavinnunni. Ekki er þörf fyrir sérstakan fund eða fræðslu um hvatakerfið og áfangamarkmiðin. Af sjálfu sér kemur að smátt og smátt átta nýliðarnir sig á óformlegan og eðlilegan hátt á því hvernig þetta virkar. Það ber því að forðast fræðilega kynningu um kerfi og markmið fyrir flokkinn og sveitina.

Við eigum ekki að flýta eðlilegum hraða þessa ferils. Mikilvægast er að nýliðarnir taki þátt í verkefnavinnu flokksins og kynnist sveitarstarfinu. Þegar þeir eru orðnir virkir fá þeir sjálfir áhuga á áfangamarkmiðunum og hvatakerfinu.

Með samkomulagi um áfangamarkmið lýkur nýliðatímabilinu

Þegar samkomulagi hefur verið náð um fyrstu áfangamarkmiðin og persónulegar áskoranir skátans má líta svo á að nýliðatímabilinu sé lokið.

Ákveðin táknræn atriði tengjast þessu:

- Skátinn setur merki viðkomandi þroskasviðs við þau áfangamarkmið sem hann telur sig þegar hafa náð. *Umsjónarforinginn* staðfestir með áritun eða stimpli í *Dróttskátabókina* að samkomulag sé um að þeim hafi verið náð.
- Í samráði við umsjónarforingjann velur skátinn þau 5–7 áfangamarkmið sem hann ætlar að vinna að í næsta dagskrárhring og setur sér persónulegar áskoranir tengdar þeim. Hann setur merki viðkomandi þroskasviðs við þau áfangamarkmið sem hann valdi eins og útskýrt er á blaðsíðum 234 og 236.
- Einnig er haldið utan um þau áfangamarkmið sem skátinn hefur valið og náð í félagaskrá sveitarinnar. Skráning er nauðsynleg því ef skáti týnir Dróttskátabók sinni eða einhver fíflast með merkin hans á Framfaratöflu sveitarinnar er alltaf hægt að leita í félagaskrána.
- Margir flokkar og sveitir hafa valið að hafa *framfaratöflu* uppi á vegg í flokks- eða sveitarherberginu sem skátarnir líma á merki í hvert skipti sem þeir velja sér áfangamarkmið. Á þann hátt verða áherslur og framfarir hvers skáta sýnilegar öðrum skátum sveitarinnar og sveitarforingjarnir hafa myndrænt yfirlit yfir markmiðáherslur þeirra á hverjum tíma.
- Sveitarráðið veitir skátanum *dróttskátamerkið* sem samþykkt var að hún eða hann byrji á að vinna að.



Unglingurinn getur unnið skátaheitið hvenær sem er eftir að nýliðatímabilinu lýkur. Það eina sem þarf er að hann eða hún óski eftir því og að flokksþingið samþykki það. Eins og kynnt var á blaðsíðu 155 og 237 er vígslan ótengd vinnu að dróttskáta-merkjunum og óskina um að vinna skátaheitið á aldrei að draga í efa.

Þrátt fyrir allt sem gerist við lok nýliðatímabilsins þá verðum við að muna að nýliðarnir eru fullgildir skátar í sveitinni frá þeirri stundu er þeir ganga í hana.

Þeir taka þátt í öllu starfi hennar með fullum réttindum, hvort heldur er á sveitarþingi, flokksþingi eða annarri dagskrá flokksins eða sveitarinnar.

Eini munurinn er sá að þeir bera ekki skátaklútinn eins og aðrir skátar sveitarinnar fyrr en eftir vígslu.



MAT Á FRAMFÖRUM SKÁTANS

Þegar unglingarnir hafa lokið nýliðatímabilinu, unnið skátaheitið og fengið drótt-skátamerkið á klútinn sinn, hefst vinna sem tekur mið af áfangamarkmiðunum.

Skátinn tekur eftir sem áður fullan þátt í verkefnavinnu og öðru starfi flokksins með félögum sínum. Hver skáti fyrir sig vinnur að þeim áfangamarkmiðum og áskorunum sem hann eða hún hefur sett sér með aðstoð *umsjónarforingjans*. Starfið í flokknum og sveitinni er umgjörðin sem skilar sér óbeint í auknum þroska hvers skáta fyrir sig.

Mat á þroskaferli skátans er viðvarandi verkefni

Samhliða því að sveitarforingjarnir fylgjast með verkefnum flokkanna þarf *umsjónarforingi* hvers skáta að fylgjast með þroskaferli hans eða hennar. Mat á framförum skátans er viðvarandi verkefni og undirliggjandi í öllu starfi sveitarinnar þó að skátadagskráin sé byggð á annars vegar *hefðbundnum verkefnum* og hins vegar *valverkefnum*, eins og kynnt var í 10. kafla.

Mat á þroskaferli skátans er í grundvallaratriðum tvíþætt: Annars vegar byggir það á sjálfsmati hvers skáta fyrir sig og hins vegar á því sem kalla mætti ytra mat, það er mati *umsjónarforingjans*. Þegar rætt er um þroskaferil skátans í tengslum við skátastarf er átt við hvernig skátanum gengur að vinna að þeim áfangamarkmiðum sem hann eða hún hefur valið á hverjum tíma á leiðinni að þeim lokamarkmiðum sem einkenna megintilgang alls skátastarfs hvar sem er í heiminum.



Það er virk þátttaka skátans sjálfs í matsferlinu sem er aflvaki aukins þroska hans eða hennar. Samskipti skátans og umsjónarforingjans um matið eru lykilatriði í þessu ferli. Í því fer fram það sem kalla mætti *gagnvirkt mat*, það er víxlverkun *ytra* og *innra* mats. Þannig tekst skátinn á við sífellt meira ögrandi viðfangsefni – örvast til „átaka“ sem fleyta honum eða henni áfram á þroskabrautinni.

Eins og kynnt var í 9. kafla spannar þroski hvers og eins mörg afmörkuð þroskasvið. Í tengslum við skátastarf tölum við um *líkams-, vitsmuna-, persónu-, tilfinninga-, félags- og andlegan þroska*. Aldrei má þó gleyma því að hver einstaklingur er ein heild.

Þroskasviðin eru innbyrðis tengd og hafa áhrif hvert á annað. Því er mikilvægt að huga að öllum þroskasviðunum við matið á þroskaferli skátans. Matið þarf í þeim skilningi að vera heildarmat.

Sumt getum við mælt (á mælikvarða) en margt sem tengist þroskaferlinu er þess eðlis að erfitt eða ómögulegt er að mæla það. Þá verðum við að beita huglægu mati og reyna að túlka slíkt mat með orðum og setningum – eða jafnvel með framkomu. Stundum er sagt að „við megum ekki henda barninu út með baðvatninu“. Í okkar samhengi þýðir þetta að við megum ekki sleppa mikilvægum þáttum í mati okkar á þroskaferli skátans einungis vegna þess að erfitt er að meta viðkomandi þroskaþátt. Að meta huglæg atriði er mun flóknara en að mæla þyngd og lengd.

Í skátastarfi metum við ekki þroskaferil skátans með prófum eða spurningalistum. Slíkt látum við sérfræðingum eftir við mat eða mælingar á afmörkuðum þroskaþáttum. Heildarmat er okkar mál. Við það mat beitum við *vettvangsathugunum* og *viðtölum*. Við fylgjumst með skátanum á vettvangi skátastarfsins, tölum við hvern skáta fyrir sig og hugsanlega við foreldra hans eða hennar. Slíkt mat er árangursrík aðferð við að meta heildarþroska unglingsins.

Í skátastarfi sýna unglingar á fjölbreytilegan hátt framkomu og hegðun sem gefur vísbendingar um árangur í átt að áfangamarkmiðum þeirra og varpa ljósi á þau vandamál sem þeir standa frammi fyrir. Sveitarfóringjar sem hafa öðlast reynslu og þjálfun sem leiðbeinendur skynja þessar vísbendingar nógu vel til að geta veitt unglingi þann stuðning sem hún eða hann þarf á að halda hverju sinni.

Vettvangsathuganir og viðtöl krefjast tíma, þolinmæði og einbeitni

Vettvangsathuganir og viðtöl krefjast tíma umsjónarforingja til að vera með skátunum, byggja upp traust og koma á góðum samskiptum. Það þarf að gefa sér tíma til að spjalla við skátana og jafnvel við foreldra þeirra. Skapa þarf tækifæri til að ræða allt sem ræða þarf, hlusta á allt sem hlusta þarf á, hugsa um það sem segja þarf og segja það sem sanngjarnt er af nærgætni og á réttum tíma. Skátaforinginn þarf að ætla sér tíma til að verða félagi skátans. Samskiptin snúast ekki eingöngu um það *hvort* áfangamarkmiðum og áskorunum hafi verið náð heldur líka *hvernig*.

Umsjónarforinginn þarf að sýna þolinmæði til að öðlast þá innsýn sem nauðsynleg er til að geta veitt skátanum raunverulegan stuðning. Hann eða hún þarf að hlusta af athygli, fylgjast með af yfirvegum og greina atvikin á raunsæjan hátt. Umsjónarforingjar mega hvorki láta hugfallast né leita skammtímalausna. Skyndilausnir henta yfirleitt illa við uppeldi og menntun.



Mat sem byggir á vettvangsathugunum krefst einnig einbeiti. Það þarf ákveðna tækni til að leggja fyrir eða framkvæma próf, en það að fylgja unglingi á þroskabraut krefst fórnfýsi og mikillar einbeitingar.

Æskilegt er að umsjónarforingi fylgist í mesta lagi með átta til tíu skátum í minnst eitt ár

Af ástæðum sem við höfum þegar greint frá er ekki ráðlegt að *umsjónarforingi* taki að sér að fylgjast með þroskaferli fleiri en 8 til 10 unglinga. Það er ólíklegt að hann eða hún ráði vel við að fylgjast með stærri hóp svo vel sé.

Ekki er heldur skynsamlegt að allir umsjónarforingjarnir meti alla skátana í sveitinni handa-hófskennt eða sem heild. Slíkt myndi leiða til almenns mats sem væri langt í frá að vera réttmætt þegar ákvarða á hvort áfangamarkmiðum hafi verið náð eða hvaða stuðning þarf að veita unglingnum. Sumir skátanna fengju þar að auki ekki þá persónulegu athygli sem þeir þurfa.



Ef mögulegt er þá ættu þessir 8 til 10 skátar sem foringinn fylgist með að tilheyra einum eða tveimur skátaflokkum. Slíkt auðveldar verkefni foringjans sem þarf þá ekki að kynnst náð því sem fer fram í mörgum flokkum á sama tíma.

Langan tíma tekur að fylgjast vandlega með þroska og framförum unglinga. Til að vanda til verka þarf foringinn að safna saman upplýsingum og vinna traust unglingans sem væri ógerlegt ef verið væri að skipta um *umsjónarforingja* eða gera breytingar sem vara stuttan tíma. Hver *umsjónarforingi* ætti að bera ábyrgð á þessu verkefni í að minnsta kosti eitt ár og helst lengur, ef ekki er sérstök ástæða er til breytinga. Þegar breytingar eru gerðar ætti helst að gera þær smátt og smátt og taka tillit til skoðana og tilfinninga unglinganna.



Mat foringjanna leiðir hugann að öðrum sem koma að uppeldi skátanna

Aðrir sem koma að uppeldi unglínganna geta veitt sveitarforingjunum mikilvægar upplýsingar.

FORELDRAR

Foreldrar eru að sjálfsgöðu aðaluppallendur unglínganna. Skátarnir ná markmiðum sínum vegna alls sem þeir taka sér fyrir hendur, en ekki einungis því sem gerist í skátastarfinu. Því skipta foreldrar skátanna miklu máli þegar leggja á mat á þroskaferil unglíngsins. Foreldrar kunna oftast vel að meta það uppeldi sem unglíngarnir hljóta í göðu skátastarfi.

Til að ná sem bestum árangri í samskiptum sveitarforingja og foreldra hvers skáta ætti foringinn að hafa samband við foreldrana, kynnast þeim og gefa þeim tækifæri til að kynnast sér. Þannig skapast ómetanleg tengsl við fjölskyldu skátans. Foreldrar eru ekki tilbúnir til að ræða um unglínginn sinn við einhvern sem hefur ekki öðlast traust þeirra.

AÐRIR UPPALENDUR

Í þessum flokki eru aðrir skátaforingjar, leiðbeinendur í frístundaheimilum, íþróttafélögum og öðru skipulögðu æskulýðsstarfi. Skátaforingi þarf að átta sig á að skátarnir taka þátt í margs konar frístundastarfi. Oft fara áherslur saman, en stundum geta orðið árekstrar.

Samstarf getur verið gagnlegt. Sjónarmið þessara aðila geta hjálpað skátaforingjanum að öðlast víðari sýn en þau hvorki eiga né geta komið í staðinn fyrir þau gagnvirku samskipti skátans og *umsjónarforingjans* sem eiga að vera mikilvægur aflvaki í þroskaferlinu.

Sjálfsmat unglíngsins er mikilvægast

Ungt fólk á þessum aldri er stöðugt að hugsa um sjálft sig – að mestu ómeðvitað – og velta fyrir sér eigin gerðum, eigin lífi, eigin draumum og að sjálfsgöðu viðhorfum vinanna. Ungmenni eru dómhörð gagnvart sjálfum sér og á aldrinum 13–15 ára gera þau miklar kröfur til sjálfra sín. Slíkt getur skaðað sjálfsmynd skátans og þá er mikilvægt að sveitarforingjarnir styðji hann á jákvæðan hátt með því að hjálpa honum eða henni við að gera sér grein fyrir eigin mikilvægi og gildi hans fyrir hópinn í heild.

Gildi skátaaðferðarinnar hvílir að verulegu leyti á tilhneigingu unglínganna til að spyrja leitandi spurninga. Öðru hverju, þegar unglíngur vinnur að einstaklingsverkefnum eða í tveggja manna samtali, leiðir umsýjónarforinginn umræðuna að áfangamarkmiðunum sem skátinn hefur valið og því hvernig honum eða henni gangi að vinna að áskorunum sínum. Skátaforinginn hvetur skátann jafnvel til að skrifa eigin hugsanir um þetta efni í Dróttskátabókina sína. Þannig getur hann eða hún borið þær saman við frammistöðu sína í næsta verkefni.

Það er mikilvægt að skátinn finni einlægan áhuga foringjans á mótun hans eða hennar á eigin sjálfsmynd. Slíkt eflir sjálfsmat skátans og gerir matið að meðvituðu ferli. Þannig verður skátinn virkari gerandi í eigin uppeldi. Gleymum því ekki að skátaaðferðin byggir í grunninn á *reynslunámi* og *sjálfsmenntun*.

Fyrir utan einlægar samræður og einstaka tillögur er ekki þörf á frekari aðgerðum vegna þessa ferlis. Annað er undir skátunum sjálfum og viðbrögðum flokksfélaganna komið. Í raun verður þroskaferill einstaklingsins eðlileg afleiðing þess samskiptaferils sem hér er lýst. Unglingar eiga ekki að finna fyrir beinum þrýstingi eða stýringu frá sveitarforingjanum. Það felst enginn uppeldislegur ávinningur í því að stuðla að fullkomnunaráráttu skátans.

Sjálfsmat unglings leggur grunn að því samkomulagi sem næst á milli hans og umsjónarforingjans þegar kemur að því að meta árangur í lok dagskrárhingsins.

Flokksfélagarnir leggja einnig sitt af mörkum þegar unglings leggur mat á eigin árangur

Eins og fjallað var um í 1. kafla hafa skoðanir jafnaldrar mikil áhrif á sjálfsmat unglings. Í hópi vina eru skoðanir láttnar í ljós á marvíslegan hátt, óbeint með glensi og bröndurum en einnig á alvarlegri og nánari hátt í persónulegum samtölum. Unglingar eru mjög næmir og jafnvel þótt þeir láti það ekki alltaf í ljós þá skynja þeir álit og skoðanir félaga sinna þó að þær séu ekki ræddar opinskátt.



Í flokksstarfinu er með skátaaðferðinni leitast við að láta þessar skoðanir vera uppbyggjandi og án sleggjudóma svo læra megi af þeim, eins og útskýrt var vandlega í 3. kafla.

Umsjónarforingjar taka ekki beinan þátt í starfi skátaflokka. Þeir geta því einungis áttað sig á skoðunum skátanna með því að fylgjast með samskiptum þeirra og framkomu í starfi sveitarinnar. Þeir geta líka rætt við flokksforingjana og jafnvel fengið að lesa fundargerðir flokksins. Með slíkum aðferðum og samtölum við viðkomandi unglings reynir umsjónarforinginn að skynja skoðanir hans og hvetur skátann til að greina álit flokksfélaganna á hlutlægan hátt, draga úr neikvæðum áhrifum ef um þau er að ræða og styrkja það sem jákvætt er.

NIÐURSTÖÐUR MATS Á FRAMFÖRUM SKÁTANS

Sveitarráðið ákvarðar hvaða viðmið eru gild við mat á framförum skátans í hverjum dagskrárhring

Stuttu fyrir lok hvers dagskrárhings ákveður sveitarráðið leiðbeinandi reglur um matið á árangri skátanna og þau tímamörk sem miðað skal við hverju sinni.

Aðeins í undantekningartilfellum, til dæmis þegar *dagskrárhringurinn* er mjög langur, eða þegar ljóst er að það þarf að lengja hann, er hugsanlegt að meta árangur skátanna tvisvar innan sama *dagskrárhings*, miðja vegu og í lok hans. Ákveðinn tími þarf að líða frá því að verkefni var framkvæmt þar til við getum metið hvort skátinn hafi náð markmiðum sínum.

Að setja reglur viðmið eða ramma um matið þýðir ekki að það eigi að breyta meginreglum hvatakerfisins. Tilgangurinn með rammasetningu er að ákveða samræmda matsaðferð og forðast misræmi á milli umsjónarforingja og flokkanna.

Þetta viðfangsefni sveitarráðsins er nátengt starfi sveitarinnar almennt. Einkum skipulagningu verkefna tengdum ólíkum þroskasviðum og vali hvers skáta fyrir sig á áfangamarkmiðum og þeim áskorunum sem hann setur sér.

Nokkur dæmi til skýringar:

- Ef áhersla hefur verið lögð á þjónustuverkefni í dagskrárhringnum sem er að ljúka þarf við matið að beina athyglinni sérstaklega að markmiðum um félagsþroska. Á þann hátt er hægt að meta árangur unglínganna með hliðsjón af áherslum í dagskrárhringnum.
- Ef um löng og krefjandi verkefni er að ræða í viðkomandi dagskrárhring er hætt við að tími foringjanna til að fylgjast með unglíngunum verði af skornum skammti. Þá er í lok dagskrárhingsins þörf fyrir lengri tíma í umræður um það hvernig verkefni studdu við vinnu skátanna að áfangamarkmiðum hvers og eins og hvernig hver skáti sýndi í verki að hann eða hún væri að vinna að þeim.
- Ef hvatningu og einbeitingu skortir getur verið að áhersla skátans beinist að aukaatriðum sem skipta minna máli og árangurinn verði þar með ómarkvissari.



Fundinn, þegar sveitarráðið ákveður viðmið eða ramma um matið, ætti að halda áður en fundurinn þar sem endurmat sveitarstarfsins og ákvörðun um dagskráráherslur næsta hringis er haldinn. Slíkt ætti að tryggja að nægur tími gefist til að ljúka mati á framförum skátans áður en lögð eru drög að verkefnum í næsta hring, í samræmi við kynningu í næsta kafla.

Á flokkspingi er sjálfsmat hvers skáta borið saman við skoðanir félaganna í flokknum

Þegar sveitarráðið hefur ákveðið viðmið og ramma matsins boðar flokksforinginn til flokkspings í þeim eina tilgangi að skiptast á skoðunum um framfarir skátanna í flokknum með tilliti til áfangamarkmiða og áskorana þeirra. Á þessum fundi er árangur skátanna metinn einstaklingsbundið á grundvelli sjálfsmats hvers skáta.

Form, lengd og yfirbragð flokkspingsins veltur á siðum og venjum í hverjum flokki. Í öllu falli má álykta að jákvætt andrúmsloft og gagnkvæmur stuðningur sé nauðsynlegur.

Það er hlutverk flokksforingjans að stýra umræðum, draga úr dómhörku, styðja þá sem minna mega sín og milda sleggjudóma og særandi yfirlýsingar.


Matsniðurstöður flokksfélaganna geymir hver skáti fyrir sig og notar til að endurmeta sjálfsmat sitt fyrir matsfundinn með *umsjónarforingjanum*.

Matinu lýkur með samkomulagi á milli skátans og umsjónarforingjans

Til að ná þessu samkomulagi er nauðsynlegt að unglingurinn og umsjónarforinginn eigi sérstakan fund til að glöggva sig á hvaða áskorunum og áfangamarkmiðum var náð á meðan á dagskráringnum stóð.

Þessi fundur ætti að vera einn af mörgum þar sem skátinn og umsjónarforinginn hittast þannig að andrúmsloftið ætti ekki að þurfa að vera þvingað. Fyrir skátann er þetta samtal endir á matsferlinu fyrir áfangamarkmið viðkomandi dagskráringis.

Á þessum fundi segir skátinn *umsjónarforingja* sínum frá eigin mati á því hvernig honum eða henni hafi tekist að ná þeim áskorunum og áfangamarkmiðum sem hann setti sér fyrir dagskráringinn. Þá hefur skátinn þegar rætt eigið sjálfsmat og hlustað á mat flokksfélaganna á sérstöku flokkspingi.



Umsjónarforinginn segir skátanum frá sínu mati sem oftast er byggt á fjórum þáttum:

- Mati foringjans á viðhorfi, hegðun og frammistöðu skátans í þeirri verkefnavinnu sem foringinn hafði aðstöðu til að fylgjast með honum að störfum.
- Viðmiðunarráttum sem sveitarráðið setti varðandi matið.
- Mælanlegum þáttum þeirra áskorana sem skátinn setti sér vegna valinna áfangamarkmiða.
- Hugsanlega upplýsingum frá öðrum skátaforingjum og foreldrum skátans.

Auk þess að ná samkomulagi um þær áskoranir og þau áfangamarkmið sem náðst hafa í dagskrárhringnum er þessum fundi ætlað að veita stuðning og hvatningu til aukins persónulegs þroska. Foringinn ætti einnig að benda skátanum á leiðir til að nýta sér þátttöku sína í flokks- og sveitarstarfinu á sem árangursríkastan hátt til að ná áfangamarkmiðum sínum í næsta dagskrárhring. Síðast en ekki síst ætti foringinn að ræða við skátann um áfangamarkmið fyrri dagskrárhringja og hvernig honum eða henni hafi tekist að tileinka sér þá hegðun eða viðhorf sem markmiðin hvetja til.

Á fundinum getur foringinn samþykkt nánast allt það sem honum finnst að stuðli að áframhaldandi þroska og framförum skátans svo framarlega sem það er innan þess viðmiðunarramma sem sveitarráðið samþykkti um matið.

Álit og skoðun umsjónarforingjans á framförum unglingsins er mikilvægt en ekki einungis fyrir það eitt að vera skoðun foringjans. Þvert á móti verða foringjar alltaf að vera tilbúnir til að efast um eigin skoðanir og viðmið, hafandi í huga að ef til vill er það unglingnum meiri hvatning að samþykkja niðurstöðu sjálfsmats hans en að hann samþykki mat foringjans.





Ef umsjónarforinginn og skátinn eru ekki sammála um hvort áfangamarkmiðunum hafi verið náð, *ræður sjálfsmat unglingsins*. Ofmat unglinganna á eigin frammistöðu er mun ásættanlegra en að hann missi kjarkinn eða tapi sjálfsöryggi við það að foringinn þröngvi upp á hann eða hana skoðunum sínum og mati á árangri af unnum verkefnum.

Við lok fundarins áritar eða stimplar umsjónarforinginn á hvatatákn þeirra áfangamarkmiða sem náðst hafa í Dróttskátabók skátans. Margar sveitir eiga sérstakan sveitarstimpil til notkunar í þessum tilgangi.

Ef skátinn hefur náð þeim fjölda áfangamarkmiða sem ætlast er til fyrir næsta dróttskátamerki, Silfur- eða Gullrúnina, þá er það hlutverk umsjónarforingjans að leggja tillögu um afhendingu merkisins fyrir næsta sveitarráðsfund.

